

Samkomulag um aukna byggðafestu á Raufarhöfn

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 500 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiarin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótfamlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Raufarhöfn. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Raufarhöfn dags. 9. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar dags. 20. júní 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- GPG Seafood ehf. kt.551203-2470, Suðurgarði, Húsavík

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Raufarhöfn. Í því skyni stefnir samningsaðili að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Raufarhöfn.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiarin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

GPG Seafood ehf. rekur bæði fiskvinnslu og útgerð. Félagið skuldbindur sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfajölda sem tilgreindur er í umsókn félagsins dags. 9. mars 2018.

4.

Byggðastofnun leggur til 500 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðili skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 2.000 tonn af bolfiski ár hvert auk vinnslu á hrognum og grásleppu.

5.

Framsál aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 9. mars 2018.




f.h. Byggðastofnunar

Raufarhöfn 21. júlí 2018



GPG Seafood ehf.
Kt: 5512032470

f.h. GPG Seafood ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)



0810643729



ÞÓRA KJENASD. 040768-4329